

Nd.

93. Frumvarp til laga

[58. mál]

um breyting á lögum nr. 34/1946, um fræðslu barna.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

53. gr. orðist þannig:

Heimilt er fræðslumálastjórn, að fengnum meðmælum hlutaðeigandi fræðsluráðs, að löggilda barnaskóla, sem kostaðir eru af einstökum mönnum eða stofnunum, ef þeir starfa samkvæmt reglugerð, er hún samþykkir, enda hlíti slíkir skólar sama eftirliti og sömu reglum og aðrir barnaskólar. Kennarar við skóla þessa verða að fullnægja öllum settum skilyrðum um rétt til kennslu í barnaskólum. Fyrir börn, sem þessa einkaskóla sækja, þarf ekki undanþágu samkvæmt 5. gr., en forstöðumaður skal í byrjun hvers skólaárs senda hlutaðeigandi skólanefnd skrá yfir skólabörnin og tilkynna henni allar breytingar, jafnóðum og þær verða.

Heimilt er að greiða laun fastra kennara við skóla þessa úr ríkissjóði, enda verði þeir þá ráðnir og launaðir eftir sömu reglum og kennarar barnaskóla. Að öðru leyti ber ríkissjóður engan kostnað af þessu skólalaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1958.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur nú verið flutt á tveimur þingum, og fylgdi því í fyrra sinnið svo hljóðandi grg. af hálfu menntamálaráðuneytisins:

„Í frumvarpi þessu eru tvær breytingar frá núgildandi lögum, þ. e.: 1) gert er ráð fyrir því, að til stofnunar einkaskóla þurfi meðmæli hlutaðeigandi fræðsluráðs, og 2) fastir kennarar við skóla þessa fá greidd laun úr ríkissjóði eftir sömu reglum og kennarar annarra barnaskóla.

Um fyrra atriðið skal tekið fram, að réttmætt virðist, að ekki sé löggiltur einkaskóli án meðmæla eða samþykkis fræðsluráðs, en fræðsluráð á að hafa umsjón með skólabörf fræðsluhéraðsins.

Um síðara atriðið skal þetta sagt:

1. Landakotsskólinn í Reykjavík og aðrir hliðstæðir barnaskólar — þ. e. St. Jósefsskólinn í Hafnarfirði og Aðventistaskólarnir í Reykjavík og Vestmannaeyjum — hafa ekki fengið styrk úr ríkissjóði, hvorki vegna stofnkostnaðar né rekstrar. Ákvæði 53. gr. núgildandi laga um fræðslu barna eru hliðstæð ákvæðum 17. gr. fræðslulaga frá 1926 og 19. gr. fræðslulaga frá 1936. Þessi ákvæði voru sett til þess að tryggja réttindi barna þeirra, er slíka skóla sóttu. Um leið styrkist aðstaða þessara skóla í skólakerfi landsins. Hins vegar mun ekki hafa þótt ástæða til þess að ýta undir stofnun einkaskóla með því að veita þeim styrk af almannafé.

2. Ef börn þau, sem nú sækja áðurgreinda einkaskóla, færu öll í barnaskóla hlutaðeigandi staða, mundi víðast þurfa að fjölga föstum kennurum við barnaskólana þar í hlutfalli við nemendafjöldann, sem við bættist. Og ríkissjóður greiðir mestan hluta af launum fastra kennara. Einkaskólar, sem annast hliðstæða fræðslu og aðrir barnaskólar, létta því undir með sveitarfélögum og ríkissjóði um skólahúsnæði og skólarekstur. Vitanlegt er, að einkaskólar eiga nú í erfiðleikum með að halda áfram starfsemi sinni vegna dýrtíðar o. fl. Það virðist því sanngirnismál, að komið sé til móts við þessa skóla þannig, að heimild verði veitt til þess að greiða laun fastra kennara úr ríkissjóði eftir sömu reglum og gilda um aðra barnaskóla. Um ráðningu þeirra gildi þá hliðstæð ákvæði og um ráðningu kennara við einkaskóla þá, er greinir í 54. gr. núgildandi laga um fræðslu barna.“

Þessi greinargerð stendur enn óhöggud, en frv. var fellt á fyrra þinginu, að því er virðist vegna ótta þingmanna um, að um of yrði ýtt undir einkaskóla, ef frv. næði fram að ganga.

Slíkt er þó fullkominn misskilningur. Margt konar aukakostnaður mundi þrátt fyrir samþykkt þessa frv. lenda á þeim, er einkaskólum halda uppi. Engin hætta er því á, að skólakerfið mundi rofna af þessum sökum eða einkaskólar verða um of algengir. Hitt mundi leiða til meiri fábreytni og ekki verða neinum til góðs, ef einkaskólarnir legðust alveg niður vegna fjárskorts.

Í fyrra fékkst meiri hluti menntamálanefndar neðri deildar ekki til að afgreiða frv. Minni hlutinn, Ragnhildur Helgadóttir og Kjartan J. Jóhannsson, gaf því undir þinglok, hinn 22. maí 1957, út svo hljóðandi sérálit:

„Frv. hefur oft komið til umræðu í nefndinni, og minni hlutinn hefur gert ítrekaðar, en árangurslausar tilraunir til að fá samkomulag við meiri hl. um afgreiðslu málsins. Við undirrituð gefum því út sérnefndarálit, þar eð við teljum, að lögfesting frv. verði skólamála á Íslandi til mikils gagns, og leggjum eindregið til, að það verði samþykkt.“

Vonandi bendir sú staðreynd, að vinstri flokkarnir snerust þó ekki beint á móti málinu á síðasta þingi eins og á því næsta þar á undan, til þess, að þeir séu nú að átta sig á því, að hér er um þjóðnytjamál að ræða. Frv. er því enn flutt í trausti þess, að það fái nú greiðan framgang.